



Fréttir frá Æskunni

Júní 2013

Ágætu sveitungar!

Þá er sumarið loksins komið og því hefur Æskan sumarstarfsemi sína. Í sumar verða frjálsíþróttæfingar tvisvar í viku, á þriðjudögum og fimmtudögum og hefjast kl. 13.00 og standa í u.þ.b. 90 mínútur. Foreldrum er frjálst að æfa með börnum sínum og undirbúa sig þannig undir Æskudaginn sem líkt og undanfarin ár verður haldinn í lok ágúst eftir að skóli hefst. **Fyrsta æfing þriðjudaginn 11. júní!**

Andspyrna

Stofnuð hefur verið andspyrnudeild innan félagsins og mun hún æfa í sumar á mánudags- og fimmtudagskvöldum kl 19:30 og eru allir velkomnir á þær æfingar.

Landsmót UMFÍ

.... verður haldið á Selfossi 4.-7. júlí og hefur UMSE hafið söfnun á liði til að keppa á landsmótinu. Við í stjórn Æskunnar hvetjum Svalbarðsströndunga til að dusta rykið af landsmótsgreinahæfileikum sínum og taka þátt í Landsmóti. Frekari upplýsingar um landsmótið og greinar sem keppt er í má finna á síðu landsmótsins, http://www.umfi.is/umfi09/landsmot_2013/ en upplýsingar er einnig að finna á heimasíðu UMSE, www.umse.is.

Unglingalandsmót UMFÍ

...fer fram á Höfn í Hornafirði um verslunarmannahelgina og mun UMSE senda þangað harðsnúið lið líkt og undanfarin ár.

Frjálsar sumarið 2013!

Umsjón með frjálsíþróttæfingum hefur Þórunn Erlingsdóttir, íþróttakennari og frjálsíþróttáþjálfari og verður Eir Starradóttir henni til aðstoðar. Æfingarnar verða á þriðjudögum og fimmtudögum frá 13:00 til 14:30 og eru öllum opnar og að þessu sinni verður foreldrum boðið að æfa frítt með börnum sínum. Æfingagjöld eru 9000 kr fyrir allt sumarið en stakur mánuður kostar 4000 kr. Séu æfingagjöldin greidd fyrir júnílok kostar sumarið 8000 kr. Veittur er 50% systkinaafsláttur fyrir annað og þriðja systkini en fjórða systkini og þaðan af fleiri æfa frítt!

Æfingagjöldin má greiða inná reikning U.M.F. Æskunnar, 0162-26-75055 kt 581088-3109. Vinsamlegast sendið kvittun á netfang gjaldkera, svanbjort@hotmail.com. Að sjálfsögðu kostar ekkert að prufa frjáls-íþróttirnar í viku eða tvær.

Frjálsíþróttadagskrá sumarsins

- 10. júní Vormót UMSE – köst á Dalvíkurvelli
- 19. júní Vormót UMSE – hástökk, sprettir og boltakast á Æskuvelli
- 22.-23. júní MÍ 11-14 ára í Hafnafirði
- 28.-30. júní Goggi Galvaski í Mosfellsbæ
- 4.-7. júlí Landsmót UMFÍ á Selfossi
- 14. júlí Júlímót UFA á Akureyri
- 20.-21. júlí Sumarleikar HSP á Laugum
- 27.-28. júlí MÍ-Aðalhluti á Þórvelli, Akureyri
- 2.-5. ágúst Unglingalandsmót UMFÍ á Höfn, Hornafirði
- 10. ágúst MÍ 15-22 ára í Reykjavík
- 17.-18. ágúst Akureyrarmót UFA á Akureyri
- 3.-4. sept. Aldursflokkamót UMSE, Þórsvelli, Akureyri

Ungmennafélagið Æskan, Svalbarðsströnd

Stofnað 1910

Stjórn Æskunnar skipa: Starri Heiðmarsson, Svabjört Brynja Bjarkadóttir, Birkir Örn Stefánsson, Linda Stefánsdóttir og Edda Línberg Kristjánsdóttir

aeskan.umse.is – aeskan@umse.is